

TILLAGA

til þingsályktunar um ráðningu jafnréttisfulltrúa þjóðkirkjunnar
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af Guðrúnu Karls Helgudóttur, Drífu Hjartardóttur, Elínborgu Gísladóttur,
Guðbjörgu Arnardóttur, Höllu Halldórsdóttur, Þórunni Júlíusdóttur,
Ragnheiði Ástu Magnúsdóttur og Vigfúsi Bjarna Albertssyni
Frsm. Guðrún Karls Helgudóttir

■ Kirkjuþing 2017 samþykkir að fela biskupi Íslands að auglýsa stöðu jafnréttisfulltrúa og skipa í hana til fimm ára. Um hálf starf er að ræða og mun jafnréttisfulltrúinn vinna náði með jafnréttisnefnd kirkjunnar að framkvæmdaáætlun jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar auk þess að vinna að jafnréttismálum kirkjunnar almennt. Staðan verði endurskoðuð að skipunartíma loknum.

Greinargerð

Þjóðkirkjan hefur sett sér jafnréttisstefnu sem tekur mið af gildandi jafnréttislögum á Íslandi nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnframt tekur hún mið af því að kirkjan er hluti af Alkirkjuráði, Kirknaráði Evrópu og Lúterska heimssambandinu. Þessi samtök hafa hvatt kirkjur sínar til að jafna hlutföll kynjanna í nefndum og ráðum þannig að þar sitji að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar. Fyrst og fremst er þó kirkjunni rétt og skylt að stuðla að jafnrétti í samræmi við boðskap Jesú Krists.

Kirkjuþing kýs fimm fulltrúa í jafnréttisnefnd til fjögurra ára og jafn marga til vara. Hlutverk jafnréttisnefndar eru:

1. Að vera ráðgefandi fyrir biskup Íslands og kirkjuráð í málefnum er varða jafnrétti kynjanna.
2. Að hafa frumkvæði að fræðslu og aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan kirkjunnar.
3. Að fylgjast með framkvæmd jafnréttisstefnunnar fyrir hönd biskups og kirkjuráðs og gera tillögu til kirkjuráðs um endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar til þriggja ára í senn, skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 10/20083.
4. Jafnréttisnefnd starfar í samstarfi við jafnréttisfulltrúa kirkjunnar. Biskup Íslands skipar jafnréttisfulltrúann og setur honum erindisbréf að fengnum tillögum frá jafnréttisnefnd.

Fram að þessu hefur ekki verið auglýst sérstaklega eftir jafnréttisfulltrúa þjóðkirkjunnar og verið settir peningar í þá stöðu heldur hafa prestar sem þegar eru í prests- eða fræðsluþjónustu í þjóðkirkjunni tekið að sér hlutverkið.

Kirkjuþing hefur samþykkt metnaðarfullar framkvæmdaáætlanir í það minnsta í tvígang sem hvorugar hafa verið uppfylltar nema að litlu leyti og því er þjóðkirkjan nokkuð langt frá því að fylgja þeirri jafnréttisstefnu sem kirkjuþing hefur samþykkt.

Nokkur breyting hefur orðið á kynjahlutföllum meðal þjónandi presta í þjóðkirkjunni og öðrum lúterskum söfnuðum þar sem prestar eru félagar í Prestafélagi Íslands. Þar sem prestar eru svo fáir geta þessi hlutföll breyst hratt og því er mikilvægt að vera vakandi yfir stöðunni. Samkvæmt

núgildandi reglum um val og veitingu prestsembætta kýs kjörnefnd prest úr hópi fjögurra hæfustu umsækjenda, samkvæmt niðurstöðu matsnefndar. Kjörnefndin þarf ekki að rökstyðja niðurstöðu sína eða fara að landslögum þegar kemur að því að jafna hlutfall kynjanna innan prestastéttar, í prestakalli, prófastsdæmi eða á samstarfssvæði.

Samkvæmt samantekt frá 10. október síðastliðnum eru starfandi prestar nú 147. Af þeim hópi eru 54 konur og 93 karlar. Það gerir heildarhlutfall kvenna 37% og karla 63%. Starfandi prestar eru þau sem eru í starfi sem prestar í Þjóðkirkjunni, sérþjónustuprestar á stofnunum, sjálfstætt starfandi, prestar Frikirkjunnar við Tjörnina og í Hafnarfirði og Óháða safnaðarins. Heildarfjöldi presta er 174 og meðal þeirra eru konur 68 eða 39% og karlar eru 105 eða 61%. Samkvæmt þessu eru fleiri konur en karlar ekki í prestsþjónustu eða 52% af þessum 25 manna hópi. Sóknarprestar á landinu eru 89 og þar af eru konur 28% og karlar 72%. Í hópir starfandi biskupa eru konur 67% á móti körlum 33% (einn karl og tvær konur). Eitt jafnasta hlutfallið er í röðum prófaste eða 44% konur og 56% karlar. Hlutföll kynja innan prófastsdæma eru afar ólík eftir prófastsdæmum en konur fá helst sóknarprestsstöður úti á landi en ekki á tveimur þéttbýlustu stöðum landsins, Eyjafirði og höfuðborgarsvæðinu. Meðal kirkjuþingsfulltrúa skipa konur um þriðjung fulltrúa og karlar um tvo þriðju leikra. Meðal vígðra kirkjuþingsfulltrúa eru konur 25% og karlar 75%.

Í ljósi þessa blasir við að tilefni er til að taka jafnréttismálin föstum tókum. Ekki er nóg að semja góðar reglur og vera með góðar fyrirætlanir ef við fylgjum þeim ekki eftir og ekkert fjármagn fylgir. Því er nauðsynlegt að ráðin verði manneskja í hlutastarf sem mun vinna náið með nýrri jafnréttisnefnd sem kosin verður á næsta kirkjuþingi. Brýnt er að ráðin verði manneskja með þekkingu, reynslu og áhuga á þessum málefnum.